

STJÓRNARTÍÐINDI B 68 – 2000

Nr. 450

1010

28. júní 2000

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Jafnasel 2-4, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 13. júní 2000 samþykkt breytt skipulag athafnalóðar við Jafnasel 2-4. Byggingarmagn á lóðnni hækkar úr 670 m² í 910,5 m² vegna kjallara.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 28. júní 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

Nr. 451

28. júní 2000

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir þau tímabil sem tilgreind eru í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Úr tollnúmeri:</i>				
0701.9000 Kartöflur, bökunar 65 mm og stærri	01.07.-30.09.00	ótilgr.	15	30
<i>Tollnúmer:</i>				
0703.9001 Blaðlaukur	01.07.-03.09.00	ótilgr.	30	0
0703.9001 Blaðlaukur	04.09.-10.09.00	ótilgr.	15	114
0703.9001 Blaðlaukur	11.09.-17.09.00	ótilgr.	22,5	170
0704.1000 Blómkál	01.07.-09.07.00	ótilgr.	30	0
0704.1000 Blómkál	10.07.-16.07.00	ótilgr.	15	88
0704.1000 Blómkál	17.07.-23.07.00	ótilgr.	22,5	132
0704.2000 Rósakál	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0704.9001 Hvítkál	01.07.-23.07.00	ótilgr.	30	0
0704.9001 Hvítkál	24.07.-30.07.00	ótilgr.	15	40

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Úr tollnúmeri:</i>				
0704.9002 Rauðkál	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0704.9003 Kínakál	01.07.-09.07.00	ótilgr.	30	0
0704.9004 Spergilkál	01.07.-09.07.00	ótilgr.	30	0
0704.9004 Spergilkál	10.07.-16.07.00	ótilgr.	7,5	71
0704.9004 Spergilkál	17.07.-23.07.00	ótilgr.	15	141
0704.9004 Spergilkál	24.07.-30.07.00	ótilgr.	22,5	212
0704.9005 Fóðurmergskál	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0704.9009 Annað	01.07.-31.08.00	ótilgr.	30	0
0705.1112 Jöklasalat	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0705.1199 Annað (salat)	01.07.-30.09.00	ótilgr.	15	97
0705.1900 Annað	01.07.-30.09.00	ótilgr.	15	97
0705.2100 Kaffifífilslöð	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0705.2900 Annað	01.07.-30.09.00	ótilgr.	15	97
0706.1000 Gulrætur og næpur	01.07.-30.07.00	ótilgr.	30	0
0706.1000 Gulrætur og næpur	31.07.-06.08.00	ótilgr.	15	68
0706.1000 Gulrætur og næpur	07.08.-30.09.00	ótilgr.	22,5	102
0706.9001 Gulrófur	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0706.9009 Annars	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0709.3000 Eggaldinjurtir	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0709.4000 Selja, önnur en seljurót	01.07.-30.07.00	ótilgr.	30	0
0709.4000 Selja, önnur en seljurót	31.07.-06.08.00	ótilgr.	7,5	69
0709.4000 Selja, önnur en seljurót	07.08.-13.08.00	ótilgr.	15	138
0709.4000 Selja, önnur en seljurót	14.08.-30.09.00	ótilgr.	22,5	207
0709.5100 Sveppir	01.07.-30.09.00	ótilgr.	7,5	100
0709.6003 Paprika	01.07.-30.09.00	ótilgr.	22,5	298
0709.6009 Önnur (Chillepipar)	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0709.9002 Kúrbítur	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0709.9009 Annars	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. október 2000.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. júní 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmssdóttir.